

Ár 2021, 15. október, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð að Urriðaholtsstræti 6-8, Garðabæ, af Ingibjörgu Halldórsdóttur dómara.

Fyrir er tekið Málið nr. 7/2021
Skautafélag Reykjavíkur, íshokkídeild
gegn
Skautafélag Akureyrar, íshokkídeild

Enginn er mættur í réttinn, enda hafa aðilar ekki verið boðaðir til þessa þinghalds.

Lagt er fram:

Nr. 1 Kæra til Dómstóls ÍSÍ, dags. 5. október 2021.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

Úrskurður:

I.

Ofangreind kæra á dskj. 1, var send með tölvupósti til skrifstofu ÍSÍ þann 6. október 2021, og úthlutað til dómara þann sama dag. Kæra er sögð vera vegna úrskurðar aganefndar Íshokkísambands Íslands (ÍHÍ) sem féll þann 4. október 2021 í máli nr. 1.

Dómkröfur stjórnar SR / íshokkídeildar SR eru þær að leikmaður nr. #25 í SA fái fimm leikja bann og að bannið verði allsherjar bann. Einnig gerir kærandi þá kröfu að SA, sem félag, verði dæmt til greiðslu að upphæð 200.000.- kr. í sektarformi.

II.

Í málavaxtalýsingu í kæru gerir stjórn SR / íshokkídeild alvarlegar athugasemdir vegna ofangreinds úrskurðar aganefndar ÍHÍ þar sem tekin var fyrir atvikaskýrsla úr leik Skautafélags Akureyrar (SA) og Skautafélags Reykjavíkur (SR) sem fór fram þann 2. október 2021. Leikmaður SA nr. #25 er í úrskurðinum sagður hafa orðið uppvís að því að nota mjög niðrandi og óviðurkvæmileg rasísk ummæli gegn andstæðingi. Dæmdi aganefnd ÍHÍ viðkomandi leikmann SA í þriggja leikja bann fyrir ummæli sín. Bannið er allsherjar bann.

III.

SR og SA eru aðildarfélög ÍHÍ sem er eitt sérsambanda ÍSÍ. Í 17. gr. laga ÍHÍ segir að með öll ágreiningsmál er upp kunna að koma innan íshokkííþróttarinnar skuli fara með skv. kafla 4 í lögum ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ. Þá segir í 1. gr. reglugerðar ÍHÍ nr. 5 að dómstólar ÍSÍ séu dómstólar ÍHÍ. Samkvæmt 2. gr. sömu reglugerðar er kærumeðferð í öllu samkvæmt lögum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um dómstóla.

Aganefnd ÍHÍ starfar samkvæmt reglugerð ÍHÍ nr. 8 um aganefnd. Hlutverk aganefndar er, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar, að úrskurða um agabrot, óprúðmannlega eða ámaelisverða framkomu leikmanna, forystumanna, félaga, dómara, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli, í öllum

opinberum móturnum sem fram fara á vegum ÍHÍ. Valdsvið aganefndar tekur einnig til atvika er eiga sér stað fyrir leiki, í leikhléi eða eftir að leik lýkur.

Í kæru segir „*Í ljósi þessa atviks var óskað eftir að aganefnd ÍHÍ beitti þeim heimildum til refsingar sem við eiga í málínu, bæði hvað leikmanninn varðaði sem framdi brotið og þess félags sem hann spilar fyrir. Þess skal getið að atvikið er skráð í dómaraskýrslu leiksins.*“ Kærðan snýr samkvæmt framangreindu að úrskurði aganefndar ÍHÍ, bæði hvað varðar viðurlög leikmannsins og félags hans, SA. Í 6. gr. reglugerðar um aganefnd ÍHÍ segir að úrskurðum aganefndar verði ekki áfrýjað. Óhjákvæmilegt er því að vísa málínu frá dómi án kröfus.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.



Ingibjörg Halldórsdóttir, dómari.

Úrskurðarorðið er lesið upp í heyrandu hljóði.

Kæranda er bent á ákvæði 24.3. í lögum ÍSÍ, um að hann geti innan þriggja daga skotið málínu að nýju til dómstólsins. Frestur byrjar að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagarskulu ekki telja með.

Þá getur kærandi skotið úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, sbr. 33.1. gr. laga ÍSÍ í því skyni að fá honum hnekkt, telji kærandi frávísun ekki réttmæta og kjósi frekar heldur en að skjóta máli að nýju til dómstóls ÍSÍ. Frestur til slíks er ein vika frá því að kæranda var niðurstaða dómstóls ÍSÍ kunn, sbr. 33.3. gr. laga ÍSÍ.

Dómþingi slitið.

Ingibjörg Halldórsdóttir, dómari.